

**Ed.**

**487. Frumvarp**

til laga um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 394, með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Höfuðstóll sjóðsins er andvirði þjóðjarða þeirra, sem seldar hafa verið frá árslokum 1883. Ennfremur rennur í sjóðinn:

1. Tekjur af þjóðjörðum frá fardögum 1925 og andvirði þeirra, sem seldar verða, svo og ársvextir sjóðsins.
2. Tillag úr rikissjóði 250 þús. kr. Er það samningsatriði milli stjórnar sjóðsins og ríkisstjórnarinnar, hvenær og á hvern hátt greiðsla þessi fari fram, en lokið skal henni eigi síðar en 1. júní 1930.
3. Varasjóður 1. flokks veðdeildar, þá er lokið er öllum skuldbindingum þess flokks.
4. 1 milljón króna, er rikissjóður leggur fram til frekari aukningar á höfuðstól sjóðsins. Skal rikissjóði þegar sjeð fyrir sjerstökum tekjum í þessu skyni.

19. gr. hljóðar svo:

Skuldunautar Ræktunarsjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, sbr. þó 15. gr., um lán, sem veitt eru til 20 ára afborgunarlaus fyrstu 4 árin.

Hver lántakandi skal greiða  $\frac{1}{2}\%$  af lásupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Arlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er  $\frac{1}{2}\%$  á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru  $6\%$  eða hærri; og ef vextirnir eru milli  $5\frac{1}{2}\%$  og  $6\%$ , færast gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr  $6\%$ . Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með vaxtabrjefum þess flokks Ræktunarsjóðsins, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tímum árs má og borga lán að fullu, ef stjórn Ræktunarsjóðsins samþykkir, þó því að eins, að það sje sjóðnum að skaðlausu.

28. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Ræktunarsjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á landbúnaði.

Framkvæmdarstjóri hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, er hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr. Gæslustjórar fá 600 kr. ársþóknun hvor. Dýrtíðaruppbót fá framkvæmdarstjóri og gæslustjórar eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins alment.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

35. gr. er orðin 34. gr. og greinatalan breytt samkvæmt því.